

| tíska | tíðarandinn | heilsa | börn | hönnun | pistlar | matur | stjörnuspa |

# birta

engin staðalmynd

HERRATÍSKAN  
» Hnepptar peysur

VIÐ ÖLDUNIÐ OG AFTANFRIÐ  
» Bryggjustemning við smábátahöfn  
Snarfara

MATUR  
» Gamaldags  
djöflaterta

FORMASTELPURNAR  
ALMA OG EDDA

» *Komnar til að vera*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN  
11. - 17. ágúst

# L' O R



8:00



10:00



13:00



19:00



23:00



[www.lorealparis.com](http://www.lorealparis.com)

Milla Jovovich sést hér með 140 Beige Doré eftir 16 tíma

É

A

L

PARIS

Vinnur gegn þreytumerkjum.  
Helst í **16 tíma**.  
Loksins **farði** sem **engan svíkur!**

Nýjung

**infallible**  **16T**  
make-up

**NON-STOP PERFECTING FOUNDATION**

CO-RESISTIUM™ TÆKNIN TRYGGIR  
SÉRLEGA LANGVARANDI ÞEKJUN:

- ENGAR ÓJÖFNUR
- ENGAR DÖKKAR RÁKIR
- ENGIN PREYTULEG, GRÁLEIT HÚÐ
- ENGIN GLANSANDI HÚÐ
- SMITAR EKKI

**ÚTKOMA: FULLKOMIN HÚÐ SEM ÞÉR FINNST  
VERA FRÍSK OG NÝFÖRÐUÐ ALLAN DAGINN.  
ENGIN GRÍMUÁHRIF!**



ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ

**L'ORÉAL**  
PARIS

# Þetta er skartgripur



Námsmenn þurfa að vera útsjónarsamir og lagnir við að gera mikið úr litlu því fjárhagurinn er oft naumur. Hjá Námsmannþjónustu Sparisjóðsins færðu góða aðstoð og ráðgjöf við fjármálin sem miðast við þínar þarfir og fjárhag. Þú færð nánari upplýsingar á [www.spar.is](http://www.spar.is) eða í næsta sparisjóði. Við hlökkum til að heyra frá þér.

Gerðu mikið úr litlu!

Poppkorn er ekki bara gott, það er líka fallegt. Ef þú átt nál og tvinna er lítið mál að búa til flotta perlufesti.





14



42



28



24

### Þetta helst

- 7 Í grænni lautu
- 8 Heitt og kalt
- 10 Brennsla Berglindar Häsler
- 12 Ólýsanleg stemning og einlæg gleði: Gay pride

### Greinar og viðtöl

- 14 Ekkert markmið of háleitt: Alma Dröfn og Edda Ýrr
- 18 Hin mörgu andlit Forma
- 26 Fallegu strákarnir í Reykjavík
- 28 Við öldunið og aftanfríð: Bryggjustemning við smábátahöfn Snarfara

### Hann/hún

- 24 Gamaldags djöflaterta
- 32 Nördalega töff: Hnepptar herrapeysur
- 34 Kristín Eva Þórhallsdóttir elur upp
- 34 Fjör á klóinu
- 36 Með lögum skal land byggja
- 38 Hugað að barnaherberginu
- 40 Jóhanna segir kynjasögur
- 40 Stjörnuþá
- 42 Uppruni hlutanna: Bindið
- 44 Karlmennt glíma við fæðingarþunglyndi
- 46 Hreyfing í æsku gegn beinþynningu

### Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

### Acer TM 2434WLCI

1.6GHz Celeron M 380  
512MB DDR minni  
40GB SATA diskur  
CD-RW/DVD drif  
15.4" WXGA LCD  
Win XP home  
þyngd 2,9Kg



**69.500kr**

### Acer Aspire 3102WLMi

Mobile Sempron 3200+  
512MB DDR2 minni  
60GB SATA diskur  
DVD-RW DL drif  
15.4" WXGA LCD  
Win XP home  
þyngd 2.9Kg



**79.500kr**

### Acer MCE Aspire 5102WLMi

Turion64 X2 TL-50  
512MB DDR2 minni  
100GB SATA diskur  
DVD-RW DL drif  
15.4" WXGA LCD  
Win XP MCE  
þyngd 2.8Kg



**99.500kr**

### Toshiba Satellite Pro A100

Celeron M 390  
512MB DDR2  
60GB ATA  
CD-RW/DVD  
15.4" WXGA  
FW, S-video  
Win XP Pro  
þyngd 2.7Kg



**94.500kr**

### Averatec AV3715

Sempron 3000+  
512MB DDR  
80MB ATA  
DVD-RW DL  
12" XGA LCD  
FW, kortalesari  
Win XP home  
þyngd 1.89Kg



**99.500kr**

### Acer PRO Aspire 5102WLMi

Turion64 X2 TL-50  
1GB DDR2 minni  
120GB SATA diskur  
DVD-RW DL drif  
15.4" WXGA LCD  
Win XP pro  
þyngd 2.8Kg



**115.000kr**

### Averatec AV7115

Sempron 3000+  
512MB DDR  
80GB ATA  
DVD-RW DL  
17" WXGA LCD  
FW, S-video  
Win XP home  
þyngd 3.2Kg



**115.500kr**

### Averatec AV2460

Core Duo T2300E  
1GB DDR2  
80GB SATA  
DVD-RW DL  
12.1" WXGA  
FireWire  
Win XP home  
þyngd 1.94Kg



**139.500kr**

### Acer Aspire 5672WLMi-ATI X1600

Core Duo T2300E  
1GB DDR2 533MHz  
120GB SATA diskur  
DVD-RW DL skrifari  
Radeon X1600 128MB  
15.4" WXGA Crystalbrite  
Kortalesari, FW, S-Video  
Bluetooth, IRDA, 1.3MP  
innbyggð myndavél  
Windows XP home  
þyngd 3.0Kg



**155.000kr**

## Fartölvur í miklu úrvali

Við hjá Kísildal bjóðum nú stoltir glæsilegt úrval af fartölvum á hreint stórkostlegum verðum. Við leggjum okkur fram um að þjónusta viðskiptavini okkar og bjóðum faglega ráðgjöf um allt tölvutengt

Öllum tölvum fylgir 2 ára ábyrgð

### Averatec AV4360

Core Duo T2300E  
1GB DDR2  
80GB SATA  
DVD-RW DL  
12.1" WXGA  
FW, S-video  
Win XP home  
þyngd 1.94Kg



**149.500kr**

### Averatec AV1050

Pentium M 733ULV  
512MB DDR minni  
80GB harður diskur  
CD-RW/DVD drif  
FireWire  
Win XP home  
þyngd 1.6Kg



**145.000kr**

### Super Talent USB minnislyklar

Minnislyklar  
í miklu úrvali  
á frábæru verði

1GB: **3.500kr**

2GB: **6.500kr**

4GB: **12.500kr**



### Super Talent Mega Screen

Mp3 spilar, útvarp  
upptökutæki, mynd-  
albúm, videospilar og  
minnisubbur allt í tæki  
sem er á stærð við  
kreditkort!



1GB: **12.900,-**

2GB: **16.900,-**

**Opnunartímar: Virka daga - 10:00-18:00**  
**Laugardaga - 10:00-16:00**

Birt með fyrirvara um  
villur í texta og myndum



## Í grænni lautu

Það er aldeilis tilvalið að nýta þessar síðustu vikur sumarsins til þess að fara með fjölskyldunni í litla lautarferð á einhverjum huggulegum stað. Áður en farið er í lautarferð er auðvitað alveg nauðsynlegt að pakka niður góðu nesti, taka teppi til þess að liggja á og eitthvað að drekka með. Ef börn eru með í för getur lautarferðin verið hin fullkomna fjölskyldustund úti í guðsgrænni náttúrunni.

Lautarferð getur einnig verið mjög rómantísk stund og þá er til-

valið að taka brauð, osta og gott vín til þess að fullkomna ferðina. Síðsumarið er svo fallegur tími enda allur gróður í blóma eftir langt sumar. Ekki þarf að bíða lengur fram á nótt til þess að verða vitni að sólsetri heldur má sjá sólarlagið skarta sínu fegursta vel fyrir miðnætti. Eftir að sólin er sest fer kvöldhúmið að gera vart við sig og fara þá stjörnunar á himninum að sjást aftur. Eftir mánuð verður farið að hausta svo tækifærið til þess að fara í góða lautarferð og njóta veðurblíðunar er núna eða næsta sumar.

Texti: VALGEIR ÖRN RAGNARSSON

Mynd: GETTYIMAGES

| heitt & kalt |

**HEITT**

**LAKKIÐ** er komið aftur, bæði í skóm og fylgihlutum.

**ARTFART-HJÓLIÐ** svífur hátt þessa dagana. Bolirnir eru málið.

**FASTEIGNAVERÐ** er hætt að hækka og leitar niður á við. Gott fyrir kaupendur, slæmt fyrir seljendur.

**ÞJÓÐHÁTÍÐ** með Árna Johnsen í hifandi roki í 30. skiptið.

**BANKARNIR** græða milljarða en hækka samt vextina. Hversu lengi látum við bjóða okkur þetta?

**ÍSKALT**

Gekkt ég yfir sjó og land » Rétti tíminn fyrir fjallgöngur

Ágúst er uppáhaldstími margra til að halda á fjöll. Haustlitirnir láta fyrir á sér bera eftir því sem ofar kemur og því er síðsumarið tilvalinn tími til að upplifa það besta af árstíðaskiptunum. Ekki skemmir fyrir að loftið er tærara en yfir mitt sumarið og mesti mannstraumurinn genginn yfir. Já, ágúst er rétti tíminn til að fara í langa eða stutta fjallgöngu í brakandi blíðu, fylla lungun af fersku fjallaloftinu og syngja svo „Ísland er land þitt“ hástöfum, fullviss um að enginn sjái eða heyri til þín.



Gashitarar og útiarnar »

### Rómantísk síðsumarkvöld

Útiarnar og gashitarar á veröndum og svölum nýtast aldrei betur en á lognværum og rómantískum síðsumarkvöldum. Gróðurinn er yfirleitt mikill og fallegur í gördum á þessum árstíma og yndislegt að sitja úti þegar erill dagsins er að baki og ágústhúmið hefur færst yfir. Arnarnir taka gashiturunum yfirleitt fram í útliti og notalegt er að heyra snarkið í eldinum. Þó er það ylurinn sem miklu skiptir og þar geta gashitararnir haft vinninginn. Númer er eitt er að njóta augnabliksins.

Ljósakrónur »

Glæsilegar og gamaldags

Rómantíkin svífur yfir vötnum nú þegar haustið er rétt handan við hornið. Brátt þarf að kveikja ljós innandyrna í rökkrinu. Íburðarmiklar og rómantískar ljósakrónur eru áberandi um þessar mundir. Þær eru stórar og tignarlegar, með glitrandi kristöllum, ljómandi kertum og alls kyns glingri. Þessi skemmtilega ljósakróna heitir Kristaller og fæst í Ikea.



Haustið nálgast » Fartölvutilboðabryjalæði

Þegar stór hluti þjóðarinnar fer nú bráðum að setjast aftur á skólabekkin eftir langt og gott sumarfrí hefja fartölvutilboðin innreið sína. Helstu tölvuverslanir landsins gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að heilla kaupendur og því er þessi tími árs langbestur til þess að gera góð kaup á þessum markaði.

Best er þó fyrir fólk að flýta sér hægt í þessum efnum enda fartölvur mikil fjárfesting. Gott er því að gefa sér góðan tíma til þess að skoða mismunandi tilboð hjá allri flórinni og passa vel upp á að ekki sé verið að selja einhverjar umframbirgðir af úreltum tölvum.

Samkeppnin er samt hörð á markaðnum og þess vegna keppast verslanirnar við að bjóða upp á sem bestan varning. Þannig að ef maður ætlar á annað borð að kaupa sér eitt stykki fartölvu er tíminn heldur betur núna.





# X – Ceptional Wear Make-up

## Hinn fullkomni farði frá Gosh!




**X- Ceptional**  
farðin gefur  
húðinni  
náttúrulegt útlit.  
Húðin verður  
silki mjúk.

Viðheldur  
eðlilegum  
raka í húðini  
Farðin helst  
lengi á

Inniheldur  
E- vítamín  
UV Filter  
Ilmefnalaus





## brennslan mín ...

Berglind Häsler söngkona Skakkamanage

## Lögin sem stóðu upp úr

Berglind Häsler er meðlimur sveitarinnar Skakkamanage en fyrsta breiðskífa sveitarinnar kemur út eftir um þrjár vikur. Full af eldmóði var Berglind því alveg til í að setja saman brennslu sem að þessu sinni er frekar ferðaleg. „Við hjónin fórum í ferðalag um landið í tíu daga og tókum með okkur fullt af geisladiskum og þetta voru lögin sem skyldu eitthvað eftir sig,“ útskýrir Berglind sem segir að lögin séu einnig flest öll gamlir og góðir vinir. Aðspurð hvort hún hefði ekki viljað vera lúmsk og smella lagi með Skakkamanage í brennslu svarar Berglind því neitandi. „Það hefði ekki verið neitt sérstaklega lúmskt.“

<b>LAG 1</b>	<b>Animal Collective- Kids on Holiday.</b> Brunað út í óvissuna með tjaldið í skottinu og landakortíð í fanginu. Loksins komin í frí.
<b>LAG 2</b>	<b>Low - California.</b> Lag sem ég ætla að blasta í ellinni á Hvammstanga.
<b>LAG 3</b>	<b>FmBelfast - Tropical.</b> Komum keyrandi niður hlíðina að Seyðisfirði, börn buslandi í sjónum, útlendingar streymdu út úr Norrænu, við syngjandi þetta lag – stórkostlegt.
<b>LAG 4</b>	<b>Hudson Wayne - Tigerman.</b> Gott lag í þöku og súld á Austfjörðum. Það verður allt falllegt.
<b>LAG 5</b>	<b>Gostigital – In Cod We Trust.</b> Rúnturinn á Akureyri, allar rúður niður, allt í botn – mikið vorum við svöl.
<b>LAG 6</b>	<b>Jeff Who? - Barfly.</b> Nýbúin að tjalda í Vaglaskógi. Opnaði einn kaldan og útvarpið í leiðinni, heyrði þennan slagara og mikið langaði mig á ball með þeim.
<b>LAG 7</b>	<b>Mongoose ft. Mr. Silla - Ten Foot Bear.</b> Heyrðum þetta í útvarpinu einhvers staðar á Norðurlandi. Stoppuðum bílinn áður en loftnetskilyrði rofnaðu. Glæsilegt dúó.
<b>LAG 8</b>	<b>The Bag of Joes - Sappa oj.</b> Mjög skemmtilegt lag sem gott var að dilla sér við á leið á Ögurball í Ísafjarðardjúpi.
<b>LAG 9</b>	<b>Tom Waits - Tango till they're sore.</b> Að hlusta á herra Waits á ferðalagi er á við að taka upp húkkara sem segir skemmtilegar sögur frá framandi heimum.
<b>LAG 10</b>	<b>Bright Eyes - Road to Joy.</b> Reykjavíkin blasir við. Fríð er á enda. Útvarpið dettur inn og færir þreyttum ferðalöngum fréttir af stríðsbrólti Ísraelsmanna. Ég yti aftur á play.

HEIMAVÖRN SECURITAS



## » birta mælir með ...

... „TAKE AWAY“-BAKKA Á ÓSUSHI Ósushi í Lúðhúsinu býður ekki bara upp á ódýrasta sushi landsins heldur einnig það lang besta. Fyrir þá sem nenna ekki að setjast niður við færbandið er „Take away“-bakki Ósushi einhver albesti skyndibiti sem hægt er að velja sér. Í bakkanum eru átta veglegir bitar og auk þeirra fylgja allir nauðsynlegir aukahlutir með: wasabi, engifer, soja og þrjónar. Kjörið þegar maður nennir ekki að elda en er samt ekki alveg til í sveittan hamburgara.



... **PLÖTUNNI AEROPUERTO MEÐ TODOSANTOS** Beint frá strætum Caracas, höfuðborgar Venesúela, kemur hin eiturferska Todosantos.



Skemmtilegar elektrópælingar með oft gítardrífnum lögum sem eru byggð upp á fallegum melódíum. Inni í plötuumslaginu eru líka einfaldar leiðbeiningar fyrir þá sem ekki kunna að hnýta bindishnútt. Farið á heimasíðuna [www.elcarterovaliente.net](http://www.elcarterovaliente.net) en þar er hægt að hláða niður lögum og panta plötuna.

... **SÝNINGUNNI AKVARELLASÍREYKJAVÍK** sem stendur yfir í Listasafni ASÍ. Á sýningunni eru vatnslitamyndir eftir listamennina Daða Guðbjörnsson, Eirík Smith, Hafstein Austmann, Kristínur Þorkelsdóttur og Svavar Guðnason sem öll eiga það sameiginlegt að hafa fengist við vatnslitamálun um áratuga skeið. Sýningin stendur til 13. ágúst og því fer hver að verða síðastur. Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13 -17 og aðgangur er ókeypis.



## Minnis armband

**NÝTT**

USB minnislykill er hlutur sem allir þurfa að eiga. Þessir lykklar eru hins vegar oftast þínulitlir og þar af leiðandi gjarnir á að týnast. Það nýjasta frá hönnunarparinu Katrínur Pétursdóttur Young og Michael Young er minnislykill sem er hannaður sem armband. Lyklinum er einfaldlega smeltt á úlnliðinn og meðan hann situr þar er harla ólíklegt að eigandinn týni honum og glati þar með þeim gögnum sem hann geymir.

Michael og Katrín hafa vakið verðskuldaða athygli fyrir hönnun sína undanfarin ár og með sanni má segja að Katrín sé einn fremsti hönnuður Íslendinga í dag. Það er Michael sem hannar armbandið sjálft en Katrín hannar myndirnar sem prýða þau. Minnis armböndin fást í lífsstílsversluninni Piknikk.



# Tilboðsdagar

## 10-30% afsláttur



### Rafstillanleg rúm

Frábær rafstillanleg rúm frá Recor í Belgíu.  
Stærðir: 80x200, 90x200, 90x210, 100x210.  
Verð frá kr. 92.800.- pr rúm með 7 svæða dýnu.



Langholtsvegí 111,104 Rvk. Sími 568 7900 • Opíð virka daga 11-18 • laugardaga 11-14.

» Gleðigangan mikla er hápunktur Hinsegin daganna. Á morgun, 12. ágúst, verður gangan farin í sjötta sinn í Reykjavík og búist er við fimmtíu þúsund manns í miðbænum. Lagt verður af stað frá Hlemmi klukkan 14.00 og svo endar gangan á Lækjargötu þar sem Hinsegin hátíðin hefst klukkan 15.15. Katrín Jónsdóttir sinnir því ábyrgðarmikla hlutverki að vera göngustjóri Gleðigöngunnar og hefur hún gegnt því starfi síðastliðin fjögur ár.

Víðtal: ERLA BJÖRG GUNNARSDÓTTIR  
Mynd: HEIÐA



## Ólýsanleg stemning og einlæg gleði

### HVAÐ GERIR GÖNGUSTJÓRI GLEÐIGÖNGUNNAR?

Starfið felst aðallega í undirbúningi og skipulagi fyrir gönguna. Ég tek á móti umsóknum frá þeim sem hafa áhuga á að taka þátt, held utan um hópana og raða þeim upp í gönguna. Þar að auki kem ég að öryggismálunum og passa að allt gangi vel fyrir sig.

### FYLGIR MIKIÐ STRESS UNDIRBÚNINGNUM?

Já, stressið stígmagnast eftir því sem nær dregur. Síðustu dagana er maður á þeytingi út um allt að redda hinu og þessu á síðustu stundu. Svo ef eitthvað klikkar eða breytist þá getur stressið orðið svolítið mikið.

### HVERJIR TAKA ÞÁTT Í GÖNGUNNI?

Það eru samkynhneigðir, tvíkynhneigðir, kynskiptingar og aðstandendur þeirra. Þetta árið munu til dæmis börn samkynhneigðra vera með pall í fyrsta skipti. Það eru jafnt hópar, félagasamtök og einstaklingar sem taka þátt. Svo fáum við alls kyns umsóknir sem ekki komast í gegn. Til dæmis frá steggjáhópum sem finnst voða fyndið

að láta stegginn upp á pall klæddan í kjól. En þetta er ekki vettvangur fyrir svoleiðis. Aftur á móti geta allir sem vilja sýna stuðning og gleðjast með okkur gengið með eða fagnað gönguhópunum meðfram Laugaveginum.

### ER EITTHVAÐ SEM ER EFTIRMINNILEGAST FRÁ GÖNGUNNI SÍÐUSTU ÁRIN?

Já, fyrsta árið sem ég sá um gönguna byrjaði að hellirigna þegar gangan fór af stað og það rigndi sem aldrei fyrr. Blöðurnar komust ekki á loft fyrir regninu og allir urðu holdvotir. En þetta eyðilagði samt ekkert stemninguna þótt þetta hafi valdið þínu kvíða hjá mér. Það hefur ekkert óhapp komið upp í göngunni eða leiðindaatvik enda reynum við að koma í veg fyrir slíkt með góðri skipulagningu.

### HVERNIG ER SVO TILFINNINGIN PEGAR GANGAN FER AF STAÐ?

Hún er alveg æðisleg því að gleðin skín úr hverju andliti og stemningin er engu lík.



# Gefðu þér tíma í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

**Ókeypis sætaferðir  
frá BSÍ kl. 4.30 í boði  
Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar**

**Innritun hefst kl. 5.00 eða 2 tímum fyrir brottför**  
Tilboðið gildir til **31. ágúst 2006**

## **Góðir farþegar**

Við minnum á að framkvæmdir standa yfir  
í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hvetjum því  
farþega til að gefa sér góðan tíma fyrir  
flug.

**Njótið ferðarinnar,  
mætið tímanlega**

**Finnið rúturnar með okkar merki**  
Farþegar eru vinsamlegast beðnir  
um að sýna farseðil



# Ekki markmið of háleitt

Alma Dröfn Geirdal og Edda Ýrr Einarsdóttir komu saman í apríl á síðasta ári og stofnuðu Forma, samtök gegn átröskunarsjúkdómum á Íslandi. Sjálfar tala þær um sig sem pínulitlar konur með háleit markmið en samtökin hafa unnið mikið starf í baráttunni gegn átröskunarsjúkdómum. Þrátt fyrir ungan aldur samtakanna og forsvarsmanna þeirra hafa Formastelpurnar náð miklum árangri á skömmum tíma.

Alma, 26 ára tveggja barna móðir, og Edda, 23 ára sálfræðinemi, hófu baráttuna gegn átröskunarsjúkdómum með drifkraftinn og eljuna eina að vopni fyrir rúmu ári síðan.

„Við erum búnar að eyða fyrsta árinu okkar í að spyrja spurninga og opna umræðuna og núna erum við tilbúnar að láta til okkar taka. Við erum komnar með spjótin á loft og við erum komnar til að vera,“ segir Alma. „Við höfum unnið hart að því að skapa okkur nafn. Við höfum fengið mikla viðurkenningu á okkar starfi á þessu eina ári sem endurspeglast í fjölmörgum fundum með ráðherrum, öllum þeim fjölda fólks sem hefur leitað til okkar, ýmsum styrkjum og Samfélagsverðlaunum Fréttablaðsins. Okkur datt aldrei í hug að við myndum áorka þessu öllu á einu ári.“

Einn af liðum í starfsemi Forma er að fræða börn og fullorðna um átröskunarsjúkdóma ásamt því að berjast gegn fordómum og stöðluðum ímyndum um fegurð og líkamslögun.

„Maður er alltaf að berjast gegn því að vera maður sjálfur. Míg langaði alltaf að vera 170 sentimetrar á hæð en ég er bara 157,“ segir Alma og hlær. „Ég sá um að halda fyrirlestra fyrir allan fyrsta bekkinn í MA, sem var mjög skemmtilegt. Krakkar á þessum aldri fá svo oft hræðsluáróður og margir forvarnarfyrirlestrar hafa þau áhrif á að þau hlusta ekki. Þannig að ég reyndi að nálgast þau á þeirra forsendum, settist bara upp á borð og spjallaði við þau á þeirra forsendum og fékk rosalega góð viðbrögð. Krakkarnir fengu að tjá sig frjálst og á köflum var sláandi að heyra hversu veruleikafirrt samfélagið er orðið gagnvart útlitsstöðlum. Við ætlum að halda þessum fyrirlestrum áfram að ósk skólans,“ segir Alma.

Stelpurnar héldu einnig fyrirlestra í skólum á höfuðborgarsvæðinu og voru beðnar um að halda fyrirlestra í skólum á Austurlandi. „Ástæðan fyrir för okkar þangað var að tilfelli

átröskunar höfðu komið þar upp hjá stelpum niður í tíu ára aldur,“ segir Edda. „Þar héldum við fyrirlestra fyrir börn og foreldra og ræddum við börn niður í tíu ára aldur um líkamann og sjálfsmyndina.“

## ERUM FRÁBÆR EINS OG VIÐ ERUM

„Fólk er farið að gera sér betur grein fyrir hversu alvarlegur sjúkdómur átröskun er,“ segir Alma og Edda gagnrýnir þá hæðni sem oft einkennir umræðu um sveltisjúkdóma og ofát. „Það virðist enn talið í lagi að gera grín og gagnrýna átröskunarsjúklinga en hæðnin getur ýtt enn frekar undir sjálfseyðingu þeirra sem eru veikir. Til dæmis hefur fjölmiðlaumfjöllun um átraskanir hjakkað svoltið í sama farinu,“ segir Edda. „Það er mikið rætt um einkenni og fylgikvilla sjúkdómsins en það er ekki rætt um hvað veldur átröskun. Fjölmiðlar bera vissulega ábyrgð líka. Umfjöllun um horaðar stelpur, kílóaupptalning og fyrrum sjúklingar að segja frá aðferðum sínum í viðtölum, allt þetta getur haft rosalega neikvæð áhrif á stelpur sem eru komnar á vissst stig í sjúkdómnum. Margar hugrakkar konur hafa komið fram og sagt sína sögu í fjölmiðlum, sem er gott að því leyti að það hjálpar til við að opna umræðuna og veita fólki innsýn inn í þennan heim. En öll umfjöllun þarf að vera markviss og sumu er hreinn óþarfi að segja frá.“

„Þyngd er enginn mælikvarði á þennan sjúkdóm,“ segir Alma. „Upptalning á þyngdar-tölum er hvatning fyrir veikan hug. Upptalning á einkennum anorexiu er upptalning á markmiðum sem sjúklingurinn vill ná.“

„En auðvitað er ekki hægt að skella skuldinni á fjölmiðlana eina saman,“ bætir Edda við. „Samfélagið er búið að samþykkja þessar ímyndir. Við skoðum blöð og tímarit, berum okkur saman við glamúrstjörnur sem í þeim eru. Ræðum um megranir og ræktina. Þetta

er normið í dag. En þetta norm gefur ungu fólki ranghugmyndir um sjálft sig. Við erum að reyna að koma ákveðnum hugmyndum út í samfélagið um að fólk eigi að elska líkama sinn og virða, að útlit skipti ekki máli, að hamingjan komi innan frá. Við erum að reyna að ná til ungs fólks sem er að mótast svo það viti að það sé frábært eins og það er í stað þess að fella sjálf sig undir staðlaðar ímyndir um fegurð og árángur.“

## FORMA HEIMILIÐ Á KLAPPARSTÍG

Nýlega fagnaði Forma þeim stóra áfanga að opna ráðgjafarsetur að Klapparstíg.

„Við erum komnar með hjartað í starfseminu okkar með opnun ráðgjafarsetursins, sem er okkar aðsetur og heimili,“ segir Alma. „Ráðgjafarsetrið er opið öllum. Fyrir okkur eru engar spurningar eða áhyggjur fáránlegar, allir þekkja einhvern sem glímur við átröskun og það mega allir leita til okkar á Klapparstíginn, sama hversu stórt eða lítið erindið er.“

Edda bendir á að ráðgjafarsetrið sé ekki eingöngu ætlað þeim sem þjást af átröskun heldur einnig aðstandendum, fagaðilum og forvitnum af götunni.

„Aðstandendur þurfa að vita að þeir eru ekki að brjóta á einstaklingnum þótt þeir leiti sér hjálpar,“ segir Edda. „Aðstandendur eiga það til að sitja á sér og þora ekki en það er skylda þeirra að leita sér stuðnings. Þannig geta aðstandendur stutt ástvini sína þegar sjúkdómurinn er loks viðurkenndur. Við viljum ná til foreldra, róa þá niður, veita þeim styrk og stuðning. Styrkja foreldrana til að þeir geti staðið með börnunum sínum. Við bjóðum aðstandendum að koma til í okkar í viðtal þar sem farið er yfir hegðun einstaklingsins og gefum ráð um hvernig má nálgast viðkomandi,“ segir Edda.

*„Við vitum vel að við erum hvorki englar né bjargvættir. Við höfum engan yfirnáttúrulegan mátt til að lækna þessa einstaklinga. En við gerum það sem við getum.“*



„Við erum komnar með hjartað í starfsemina okkar með opnun ráðgjafarsetursins, sem er okkar aðsetur og heimili.“



#### HIÐ SANNA STARF FORMA

Ein hlið á starfsemi Forma er að veita sjúklingum hjálp í veikindum sínum. Sú hlið starfsins er sú erfiðasta að mati Ölmú og Eddu enda skilur oft lítið á milli lífs og dauða.

„Það hefur einu sinni komið fyrir að við þurftum að taka stjórnina í okkar hendur,“ segir Edda og heyrir má á rödd hennar að tilfellið var alvarlegt. „Stúlka ein var orðin það veik að hún var við dauðans dyr. Foreldrar hennar höfðu gefist upp, þau voru bara búin að gera ráð fyrir að hún myndi deyja. Þegar við heyrðum það tókum við málin í okkar hendur. Við eyddum heilli viku á heimili þessarar stúlku, þjuggum hana undir að fara inn á geðdeild, fylgdum henni svo þangað og sátum þar með henni og veittum stuðning. Eftir að hafa setið með svona veikan sjúkling getur maður auðveldlega brotnað niður. En maður veit hvenær maður þarf að vera sterkur og hvenær maður má sleppa öllum tilfinningum lausum,“ segir Edda.

„Þegar þessi stúlka var komin úr hættu hittumst við allar og gátum ekki annað en grátið enda mátti litlu muna,“ segir Alma. „Auðvitað reyna svona aðstæður rosalega á, þetta er erfitt, en með tímanum hefur maður náð að byggja upp þol. Við gerum okkur samt grein fyrir því að einn daginn kemur að því að saga svipuð þessari sem sögð var hér mun enda með dauðsfalli.“

„Við vitum vel að við erum hvorki englar né bjargvættir,“ segir Edda. „Við höfum engan yfirnáttúrulegan mátt til að lækna þessa einstaklinga. En við gerum það sem við getum.“

#### ÍMYND 2006

Fram undan er mikil vinna og greinilegt að stelpurnar eru í miklum ham. Hinn 23. september verður ráðstefnan Ímynd 2006 haldin og stelpurnar halda áfram að berjast fyrir opnun meðferðarheimilis á Íslandi.

„Fyrir ári síðan ákváðum við Edda að stofna samtök og nokkrum mánuðum seinna héldum við ráðstefnu undir heitinu Ímynd 2005,“ segir Alma og brosir spök. „Svo hófst ráðstefnan og þar stóðum við, tvær þínulitlar konur, með fullan sal af fólki sem vildi hlýða á okkur. Ári eldri erum við aðeins fróðari um ráðstefnuhöld og Ímynd 2006, sem verður haldin 23. september, verður með aðeins öðruvísi sniði.“

„Ráðstefnan skiptist niður þar sem faglegir fyrirlestrar verða haldnir um morguninn og dagskrá miðuð fyrir almenning verður eftir hádegi,“ segir Edda. „Þá munu koma fram nokkrir af stærri tónlistarmönnum landsins, leikarar lesa upp úr dagbókum átröskunarsjúklinga, flutt verða erindi, myndbrot og annað. Um kvöldið verða svo haldnir styrktartónleikar á NASA. Auðvitað er ráðstefnan opin fyrir alla sem vilja koma og fræðast um þessi málefni.“

„Á ráðstefnunni munu tvær sænskar konur halda fyrirlestra fyrir fagfólk,“ segir Alma. „Þetta eru reyndar konur í þessum málum og þess virði að hlýða á hvort sem það er fagfólk, aðstandendur eða aðrir. Önnur þeirra, Madeleine Masterton, hefur unnið að þessum málum í átján ár og rekur sautján meðferðarheimili fyrir átröskunarsjúklinga í Svíþjóð ásamt stórum samtökum. Hennar samstarfskona heitir Gisela

van der Ster og er virtur næringarfræðingur. Þessar konur eru ákveðnir lærimeistarar fyrir okkur og hreinasta gullnáma þegar lítið er til reynslu þeirra og menntunar á þessu sviði.“

#### EKKERT MARKMIÐ OF HÁLEITT

„Ég var í Svíþjóð núna í sumar og vann með Madeleine Masterton að því hvernig við getum komið upp meðferðaheimili hér á Íslandi,“ segir Alma. „Við höfum frá byrjun unnið að þessu og höfum meðal annars verið í samstarfi við nemandur í Háskólanum í Reykjavík sem koma með ákveðnar hugmyndir og eru að búa til mólur að fyrirtæki. Þannig að það eru til mólur af þessu og við þurfum bara að setja þetta í gang,“ segir Alma og Edda kinkar áköf kalli. „Okkur vantar bara peninga, hús og samstarf við opinbera aðila,“ telur Edda á fingrum sér eins og ekkert sé enda hafa þessar stúlkur áður staðið frammi fyrir því að hafa ekkert í höndunum í baráttunni fyrir markmiðum sínum. „Við ætlum að gera þetta innan tveggja ára,“ segir Alma. „Við vitum að við getum gert þetta.“

„Erfiðasti hjallinn er búinn,“ bætir Edda við. „Þegar við lendum á einhverri hindrun hugsum við alltaf um hvert við höfum náð í dag og hvar við vorum þegar við byrjuðum. Í raun er ekkert markmið of háleitt fyrir okkur. Á þessu eina ári höfum við oft verið spurðar hvort við ætlum ekki bara að gefast upp þegar erfiðlega hefur gengið,“ segir Edda og Alma hristir höfuðið. „Ég fer ekki í gröfina fyrr en ákveðnum hlutum hefur verið breytt,“ segir Alma. „Og það er fátt sem getur stöðvað okkur úr þessu.“



# Okkar lands- frægu skóladaðar eru hafnir! 8.-17. ágúst

Buxur + peysa, jakki, bolur eða skyrtta  
að eigin vali **kr. 9.990.**

Unglingastærðir  
**kr. 6.990.**

Bolur að eigin  
vali fylgir með  
öllum sund og  
stuttbuxum. **20 %  
afsláttur** af öllum  
skóm á skóladögum!



**BRIM**

# Hin mörgu andlit Forma

Bak við Forma samtökin stendur hópur fólks á öllum aldri með ólíka sögu þar sem allir vinna að sama markmiði. Baráttuandinn innan samtakanna er öflugur og hvort sem það eru aðstandendur, forsvarsmenn, ráðgjafar eða sjúklingar leggjast allir á eitt við að berjast gegn eyðileggingu átröskunar-sjúkdóma.

## Þóra Jónasdóttir

### FORELDRAR VERÐA AÐ VERA VAKANDI

„Dóttir mín er 23 ára og hefur þjáðst af búlimíu í tíu ár,“ segir Þóra. „Þetta er einn sá skelfilegasti og hræðilegasti sjúkdómur sem ég hef komist í kynni við. Og það er barnið mitt sem þjáist af þessum skelfilega sjúkdómi. Sjúkdómurinn er bæði hræðilegur fyrir þá sem ganga í gegnum hann og skelfilegur, þar sem úrræðin við honum eru lítil sem engin. Ég reyndi að leita aðstoðar en hjálpin sem þarf að vera til staðar er ekki til staðar.“

Þóra komst fyrst í kynni við Forma samtökin þegar hún sótti ráðstefnuna Ímynd 2005. „Sú ráðstefna var hreint mögnuð og ég er búin að hlakka til næstu ráðstefnu í allt sumar.“

Eftir ráðstefnuna sótti Þóra aðstandendafundi hjá Forma og hittir nú Ölmú reglulega nokkrum sinnum í mánuði. „Við hittumst bara til að spjalla. Þangað sæki ég mína orku og stuðning þá daga sem mér finnst ég ekki geta meir. Forma hefur hjálpað mér að hjálpa dóttur minni. Í raun hafa Alma og Edda verið þær einu sem hafa veitt mér þann stuðning sem heilbrigðiskerfið ætti að veita mér. Í kjölfar funda minna með Forma finnst mér ég vera opnari með þetta, ég fel þetta ekki lengur og ræði við dóttur mína á þeim grundvelli að hún þjáist af sjúkdómi. Hún er með sjúkdóm og þetta er ekki lífsstíll.“

Þóra hvetur foreldra til þess að grípa í taumana strax, hafi þeir grun um að börn þeirra þjáist af átröskun. „Ég vildi að ég hefði gert mér betur grein fyrir þessu fyrir tíu


árum. Ég get velt mér upp úr því endalaust. Ég er sífellt að spóla til baka í huganum og velta því fyrir mér hvort ég hefði getað breytt einhverju. Foreldrar verða að vera vakandi.“ Þóra segist hissa og uggandi yfir því hversu



„Þetta er einn sá skelfilegasti og hræðilegasti sjúkdómur sem ég hef komist í kynni við. Og það er barnið mitt sem þjáist af þessum skelfilega sjúkdómi.“

lítil vakning hefur verið í samfélaginu gagnvart átröskunarsjúkdómum. „Þetta er hulin umræða og ég held það sé vegna þess að við hræðumst þennan sjúkdóm. Við höfum fordóma gagnvart þessum sjúkdómi. Og ég hef á tilfinningunni að heilbrigðiskerfið ráði hvorki við hann né kunni með hann að fara. Fólk verður að opna augun fyrir hversu grafalvarlegur þessi sjúkdómur er. Hann leynist alls staðar og er í öllum fjölskyldum. Þetta er ekki unglingsjúkdómur. Fólk á öllum aldri fær þennan sjúkdóm, stelpur, strákar, konur og menn, meira að segja eru lítil börn byrjuð að fá þennan sjúkdóm. Allir geta veikst af átröskun.“

Þóra er í þeim erfiðu sporum sem fylgir því að vera aðstandandi átröskunarsjúklings. Hún segir erftit að fá hjálp fyrir sjúklinga og oft vera stutt í vonleysið. „Maður spyr sig í sífellu hvað maður eigi að gera og hvert maður eigi að leita. Alls staðar gengur maður á vegg. Og mér finnst dapurlagt að heilbrigðiskerfið skuli ekki nýta sér betur þann kraft sem Forma samtökin búa yfir. Alma og Edda leggja allt í þessa vinnu og mér finnst krafturinn sem þær búa yfir vera óraunverulegur á köflum. Yfirvöld verða að koma meira til móts í átt að góðu samstarfi. Alma og Edda gera eins og þær geta og vilja allt gera en þær ganga víða á vegg og maður veltir fyrir sér hvað þær halda þetta út lengi,“ segir Þóra og ítrekar hversu mikilvægt það er að halda úti samtökum eins og Forma. „En ég veit að þær ætla sér að ná markmiðum sínum og það skal takast hjá þeim.“



# Þrjár af hverjum fjórum lesa Birtu

Samkvæmt nýjustu könnun Gallup\* lesa yfir 74% af konum á aldrinum 18 til 49 ára á Suðvesturhorninu tímaritið Birtu. Þetta þýðir að 3 af hverjum 4 konum lesa tímaritið sem auk þess hefur afgerandi forystu meðal annarra þjóðfélagshópa. Lesturinn á Birtu hefur aldrei mælst meiri.

**Hvar birtist auglýsingin þín?**



Mest lesna tímarit landsins

## Helena Hylðahl

### VILJUM VERA LJÓSIÐ Í MYRKRINU

Helena Hylðahl hefur sótt fundi hjá Forma frá stofnun samtakanna. Núna starfar hún sem ráðgjafi þar á bæ og þrátt fyrir að vera aðeins átján ára gömul býr hún yfir mikilli reynslu af átröskunarsjúkdómum.

„Mér datt aldrei í hug að ég myndi veikjast af átröskunarsjúkdómi,“ segir Helena. „Andrea tvíburasystir mín veiktist af lystarstoli þegar við vorum í níunda bekk en þá var ég heilbrigð og hafði miklar áhyggjur af systur minni. Mér fannst þetta svo fjaránlegt og skildi ekki af hverju hún bara borðaði ekki. Ári síðar var ég sjálf orðin veik af lystarstoli. Á endanum var ég orðin það veik að foreldrar mínir þurftu að hugsa um mig eins og ungabarn. Ég gat ekki einu sinni haldið uppi samræðum því það tók svo á.“

Helena fór með systur sinni á fyrsta fundinn sem var haldinn hjá Forma fyrir rúmu ári síðan. Helena hefur staðið sig vel í sínum bata en tvíburasystir hennar berst enn við fylgifiska sjúkdómsins. „Í mínum bata fékk ég mikla hjálp bæði frá Guðrún Bryndísi lækni á BUGL, systur minni og frá Forma. Ég fór á reglulega fundi með Ölmú og Eddu og með þeim vann ég mig í gegnum nokkur stig í átt að bata. Við gerðum verkefni sem miðast að sjálfsskoðun og unnum í því að efla sjálfstraustið. Öll þessi vinna hjálpaði mér mikið og jafnt og þétt fór þyngdin upp á við,“ segir

Helena. „Ég er mjög örugg í mínum bata. Ég trúði því aldrei að það gæti gerst, var sannfærð um að þessi sjúkdómur væri eitthvað sem yrði alltaf hluti af mér. Ég hélt alltaf að þegar ég myndi byrja að borða aftur, færi þyngdin upp en ég myndi enn hafa þessar neikvæðu og hræðilegu hugsanir og sömu áhyggjurnar sem fylgja átröskun. En það er ekki þannig. Núna sé ég lífið í allt öðru ljósi. Ég nýt þess að borða og það eru engar hugsanir sem ásækja mig.“

Fljótlega eftir að Helena komst á bataveg fór hún að starfa sem ráðgjafi á vegum Forma. „Það er svo mikilvægt að halda úti starfsemi eins og Forma samtökinn gera. Þessum sjúkdómi fylgir svo sérstakur og einangraður hugarheimur og það er erfið að fá hjálp af götunni. Hjá Forma liggur ákveðinn skilningur á því sem fólk með átröskunarsjúkdóma upplifir en þann skilning er erfið að fá frá þeim sem ekki þekkja til. Vonleysið sem fylgir þessum sjúkdómi er yfirstíganlegt og það er gott að heyra það frá einhverjum sem gengið hefur í gegnum þetta. Við viljum sýna þeim sem þjást af þessum sjúkdómi ljósið í myrkrinu. Við viljum koma þeim skilaboðum áleiðis til aðstandenda og veikra að þessu ástandi er hægt að breyta, það er hægt að komast út úr víthringnum.“

Helena stundar nú nám í Kvennaskólanum á félagsfræðibraut. „Minn draumur er að vinna í framtíð-



„Ég hélt alltaf að þegar ég myndi byrja að borða aftur, færi þyngdin upp en ég myndi enn hafa þessar hræðilegu hugsanir sem fylgja átröskun. En það er ekki þannig.“

inni með stelpum og strákuum sem þjást af átröskun. Mig langar í sálfræði, jafnvel barna og unglinga-geðlækningar eða félagsráðgjöf. Mér finnst þetta ofsalega gott starf að vinna, bæði fyrir sjálfa mig og líka að fá tækifæri til að hjálpa öðrum að komast á beinu brautina.“

## Helena Sirrý Pétursdóttir

### HLAKKAÐI ALLTAF TIL AÐ HITTA FORMASTELPURNAR

„Ég var veik í um tvö ár og var orðin virkilega langt leidd. Botninn hjá mér var þegar ég var lögð inn á sjúkrahús og fékk fleiri en eitt hjartastopp sama daginn. En það stoppaði mig samt ekki. Ég hélt áfram í mínu fari allt þar til líkaminn gafst upp,“ segir Helena Sirrý Pétursdóttir sem var um tíma vart hugað líf eftir langvarandi veikindi af átröskunarsjúkdómi.

Helena Sirrý komst í kynni við Forma samtökinn í sínum veikindum og segir stuðning þeirra hafa verið ómetanlegan. „Nú er ég búin að vera á batavegi í tæpa fjóra mánuði og það á ég bæði fjölskyldunni minni og Forma samtökunum að þakka. Hefði þeirra ekki notið við þá hefði ég aldrei komist í gegnum þetta. Fjölskylda mín sótti aðstandendanámskeið hjá Forma sem hjálpaði henni að hjálpa mér.“

Helena segir skipta miklu máli að halda úti ráðgjafasetri fyrir átröskunarsjúklinga líkt og Forma gerir. „Það eru svo margir sem loka á að þeir þjáist af þessum sjúkdómi, ég gerði það sjálf. En það sem skiptir mestu máli til að ná bata er að



„Ég veit af eigin raun að það að losna við átröskun er eitt það erfiðasta sem hægt er að gera.“

tala um ástand sitt og það getur maður gert í því umhverfi sem Forma hefur skapað. Maður bara hringir eða fer, maður þarf ekki að panta tíma eða bíða eftir viðtali,“ segir Helena Sirrý sem kynnst hefur af eigin raun neikvæðum hliðum á heilbrigðiskerfinu. „Þegar ég var í sem mestri vanlíðan í mínum veikindum þá hlakkaði ég samt alltaf til að hitta stelpurnar í Forma. Þar hafði ég alltaf einhverntíða tala við sem skildi mig og hafði gengið í gegnum þetta líka.“

Helena Sirrý vinnur nú að því að byggja líf sitt upp aftur en vegna veikinda sinna þurfti hún að hætta í skóla og á vinnu markaðinum. „Ég stefni á að læra fatahönnun og er að prófa mig áfram í vinnu,“ segir Helena Sirrý. „Mig langar einnig að verða ráðgjafi hjá Forma og er að vinna að því núna. Mig langar að hjálpa öðrum að komast í gegnum þetta enda veit ég af eigin raun að það að losna við átröskun er eitt það erfiðasta sem hægt er að gera. Það er ekkert líf að ganga í gegnum þennan sjúkdóm. Ég óska engum þess að lenda í klóm hans.“

Nº7

Allt sem  
þarf fyrir  
náttúrulega  
förðun



Radiant glow verðlauna hyljari




Fæst í;  
Hagkaup Smáralind  
Betri apótekum  
BM Austurhrauni



## TRIVENTO: *Hagstæðir vindar fyrir neytendur*

Tri-vento þýðir “þrjú vindar” og er kennt við þá vinda sem hafa gert vinnrækt mögulega: Polar-vindinn, sem eins og nafnið bendir til, blæs kaldur um vénekrurnar á veturna, Zonda sem kemur að vestan frá Andes-fjöllunum með hlýjuna á vorinu og Sudestada að austan kælir svæðið í sumarhitunum og ber raka með sér. Þessir vindar gera vinnrækt eins arðbæra og raun ber vitni, og Trivento hefur svo sannarlega komið með ferska vinda í vínheiminn.

Trivento, staðsett í Mendoza-héraði, er einn helsti útflytjandi vína Argentínu undir eigin nafni og eitt vinsælasta argentíska vínið hérlendis. Vénekrurnar eru orðnar 565 hektarar og þrúgunar eru þær sem hafa reynt best í Argentínu, fyrir utan alþjóðlegu þrúgunar (cabernet sauvignon, merlot, shiraz, chardonnay) sem þrífast mjög vel á Mendoza-svæðinu. Þar eru í sviðsljósinu malbec, bonarda, torrantes, chenin, viognier, sangiovese og fleiri. Fjölbreytnin eins mikil og hægt er að hugsa sér og vingerðin hjá Trivento nær því besta úr þrúgunum. Hér á landi fást fjölmörg vín frá Trivento bæði í flöskum og í kössum.



Sex mismunandi vín frá Trivento sem kosta aðeins 990 kr. fást í vínbúðunum. Þetta eru rauðvín úr þrúgunum bonarda og syrah auk blöndu úr cabernet og merlot. Hvítvínin eru hreint chardonnay vín auk vína þar sem annars vegar chenin og hinsvegar torrantes hefur verið blandað við chardonnay.

*Verð í Vínbúðum 990 kr.*





Trivento Chardonnay Chenin er mjög aðlaðandi með afar góðu eftirbragði. Ljósitrónugult, þurr, ferskt og milt vín með suðrænan ávöxt þar sem greina má sítrus, blóma- og hnetutóna.

Verð í Vínbúðum 3.190 kr.



Trivento Shiraz Malbec er óvenjuleg blanda en hefur bestu einkenni frá þessum tveimur gæðaprúgum. Kirsuberjarautt, með góða fylling, þurr og mjúkt með sætkenndum krydduðum berja-, lyng-, og jarðarberjakeim. Fágað vín af bestu gerð og á mjög góðu verði.

Verð í Vínbúðum 3.190 kr.



# Gamaldags djöflaterta

Það er staðreynd að flestum þykir hún góð en fæstir eiga góða uppskrift að henni. Gamaldags djöflaterta er nefnilega til í hugum margra sem bernskuminning og hafa þeir hinir sömu ekki fengið eins góða köku til að borða með ískaldri mjólk.

Uppskriftina að súkkulaðibotnum sem hér er gefin upp hef ég notað ótrúlega mikið. Hún er fljótleg og þægileg og henta botnarnir með margs konar kremi, þó sérstaklega djöflatertukreminu góða. Uppskriftin af botnunum er upphaflega frá mágkonu móður minnar og gengur alltaf undir nafninu „Lárúsúkkulaðikaka“ þegar uppskriftinni er flett upp. Djöflatertukremið á sér langa sögu. Tengdamóðir mín bakaði alltaf djöflatertu á árum áður sem börnin hennar minnst og þá sérstaklega fyrir kremið. Ekki fyrir löngu síðan gróf hún uppskriftina upp og viti menn; kakan hefur verið á borðum síðan. Nú er komið að því að miðla henni til fleiri djöflatertudýrkenda.

## Súkkulaðibotn

3½ dl sykur  
3 egg  
225 g smjör, brætt og kælt  
6 dl hveiti  
1½ tsk lyftiduft  
1½ tsk natron  
½ dl púðursykur  
1½ dl kakó  
1 tsk. salt  
1 tsk. vanilludropar  
3 dl mjólk  
¾ dl volgt vatn

Hrærið saman sykur, egg og smjör þar til létt og ljóst. Bætið þurrrefnum saman við og lóks vökva. Hrærið allt vel saman þar til úr verður mjúkt og kekkjalaust deig. Uppskriftin er frekar stór og úr verða tveir stórir botnar. Bakið við 180 gráður í 20 til 25 mín.

## Djöflatertukrem

2½ bolli flórsykur  
½ bolli kakó  
örlítið salt  
3 msk. smjör  
1 msk. sterkt kaffi, kalt  
1 msk. rjómi



Blandið þurrrefnum saman. Hrærið smjórið saman við, hellið kaffinu út í og lóks rjómanum. Hrærið vel. Ef kremið er voða þykkt má þynna það með örlítið meiri rjóma, en gætið að því að lítið þarf af honum til viðbótar. Best er

að hræra kremið í þeytara eða hrærivél svo það verði slétt og kekkjalaust. Smyrjið á súkkulaðibotn og berið fram. Gott er að geyma tertuna í ísskáp svo kremið haldist gott - milli þess sem ekki er verið að „gúffa“ henni í sig!



NJÓTTU LÍFSINS  
MEÐ HEILBRIGÐUM  
LÍFSSTÍL

KEA-skyr er fráþætt hollustuværa, einstaklega  
prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.

Í því eru hvorki sætuefni né önnur  
hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur  
fyrir alla þá sem hafa hollustuna  
í fyrirrúmi og vilja lifa á  
heilsusamlegan hátt.



SKYR



FEÐURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA



Hljómsveitin Reykjavík! mun troða upp á Gay Pride hátíðinni á morgun. Lagið All those Beautiful Boys fjallar um samkynhneigðan mann og tengsl hans við þjóðfélagið.

# Fallegu strákararnir í Reykjavík!

» Hljómsveitin Reykjavík! gaf nýlega út sínu fyrstu plötu, *Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol*. Hljómsveitin er nú að fylgja útgáfu plötunar eftir og mun hún meðal annars spila á Gay Pride hátíðinni í miðborg Reykjavíkur á morgun.

Viðtal: VALGEIR RAGNARSSON

Á plötunni er að finna lagið *All those Beautiful Boys* sem fjallar um mann sem finnur fyrir samkynhneigðum kenndum og tengsl hans við þjóðfélagið í kjölfarið. Guðmundur B. Halldórsson, gítarleikari sveitarinnar, útskýrði hugmyndina á bak við textann í laginu. „Textinn fjallar um tengsl þessa manns við þjóðfélagið og ýmis gildi sem eru í gangi, þá aðallega kristnu gildin sem hann er dálítið að reyna að brjótast undan.“ Guðmundur, sem sjálfur er hommi, viðurkennir fúslega að lagið byggji á hans eigin reynslu og upplifun. „Þetta er dálítill gagnrýni á kristna íhaldssemi þar sem verið er að berja samkynhneigð niður,“ segir Guðmundur og tekur meðal annars dæmi um Krossinn. „Íhaldssemi bannar fólki að horfast í augu við eigin tilfinningar og hún ólar það niður þannig að það má ekki vera eins og það er.“

Guðmundur segist þó ekki stefna að því að velja laginu „Ég er eins og ég er,“ af stalli sem er orðinn eins konar þjóðsöngur samkynhneigðra. „Ég vona bara að þetta verði skemmtilegt innlegg í hátíðina. Við ætlum auðvitað að vera áberandi á Gay Pride, við ætlum að rokka mikið á sviðinu og svo er hugmynd í gangi hjá okkur að vera með vagn í göngunni,“ segir Guðmundur. „Ég hef einhvern veginn aldrei náð að finna mig í hefðbundinni hommatónlist enda er hún frekar dansvæn fyrir minn smekk. Okkur langaði til þess að bæta dálitlu rokki í þetta.“

Að sögn Guðmundar barst það í tal við upptökur á laginu að það gæti vel átt heima á Gay Pride. „Við hittum svo Pál Óskar á förnun vegi og leyfðum honum að hlusta á lagið, honum leist svo vel á þetta. Við vonumst auðvitað til þess að sjá sem flesta „headbanga“ upp við sviðið á laugardag, hommarnir eru komnir til að taka yfir,“ segir hann og hlær.



Mikið verður um dýrðir á Gay Pride hátíðinni líkt og undanfarin ár.



Frumburðurinn *Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol* er einstaklega góð rokkplata.

SWEET. SEXY. FLIRTATIOUS.

Love  
at  
first  
Glow  
JLO



[www.jenniferlopezbeauty.com](http://www.jenniferlopezbeauty.com)

FALL IN LOVE TWO WAYS.  
First spray on the new scent by Jennifer Lopez.  
Then connect with the heart-beat  
mobile phone charm.



## VIÐ ÖLDUNIÐ OG AFTANFRÍÐ

» Einn blíðviðriseftirmiðdag liggur leið Birtu á smábátahöfn Snarfara við Elliðavoginn. Lágvært gjálfur berst að eyrum þegar öldurnar gæla við bátsskrokka og bryggju og einstaka sinnum heyrst letilegt garg í sjófugli sem virðist taka því rólega í sólinni. Þrátt fyrir kyrrlátt yfirbragð iðar allt af lífi við höfnina. Birta gaf sig á tal við við nokkra bryggjugesti sem allir eiga það sameiginlegt að eyða frístundum sínum við, á og í sjónum.

## VERÐUR BARA STUNDUM AÐ FARA ÚT Á SJÓ

Við vestustu bryggjuna í höfninni eru Halla Stefánsdóttir, Ólafur Tryggvason og sonur þeirra, Tryggvi Ólafsson, að búa sig undir stutta siglingu. „Við erum að fara að kafa,“ segir Tryggvi en leiðinni er heitið út að Viðey þar sem hann og pabbi hans ætla að heimsækja undirdjúpin.

„Ég verð eftir uppi, passa bátinn og pikka þá upp úr sjónum,“ bætir Halla við létt í bragði. „Við Ólafur lærðum að kafa fyrir tíu árum og höfum verið með bát síðan 1996.“ Tryggvi lærði hins vegar að kafa í janúar á þessu ári þegar hann var á ferðalagi í Mið-Ameríku. Þetta verður önnur köfunin hans á Íslandi. „Þetta er rosa gaman, fínt sport,“ segir Tryggvi.

„Þetta er þriðji báturinn okkar,“ segir Ólafur. „Þegar við lærðum að kafa vantaði bát til að komast á alla skemmtilegu staðina, það var nú ekkert öðruvísi. Svo þróaðist þetta yfir í siglingar, veiðar, bæði á færi og skotveiði, og allt sem fylgir þessu. Við höfum líka verið að ferðast. Förum yfirleitt á hverju ári í Breiðafjörðinn og stundum Vestfirðina,“ bætir hann við meðan hann gætir að köfunargræjunum og það er augljóst að hann er orðinn spenntur að komast í kaf. „Það er ekki hægt að lýsa því hvað heillar við sjóinn. Maður verður að prófa það sjálfur. Stundum finnst manni maður bara verða að fara út á sjó.“



Halla, Ólafur og Tryggvi búa sig undir köfunarleiðangurinn út að Viðey.



Ívar Örn og Ólafur á þaki skemmtibátsins sem þeir eru að dytta að fyrir frænda sinn.

## SAMA FRELSI OG Í HÁLOFTUNUM

„Þetta er mótorskemmtibátur. Íslendingar myndu sennilega kalla þetta snekkju,“ segja Ívar Örn Lárusson og Ólafur Stefánsson, sem eru að dytta að 46 feta bát fyrir frænda sinn. „Hann getur farið upp í 40 hnúta en siglir alla jafna á 25-30 hnútum, sem er þó nokkur hraði.“

Báturinn minnir um margt á einbýlishús að innan en hann er mjög rúmgóður og vel búinn. „Hér er um það bil allt sem er á venjulegu heimili. Í bátnum er kaffivél, hraðsuðuketill, fjórar hellur, þrír ísskápar, tvö klósett, sturta, svefnpláss fyrir sex, nýjustu siglingagræjur, sjónvarp, DVD og flest annað sem manni dettur í hug. Það er minnsta mál að búa í svona bát og að mörgu leyti er þessi betur búinn en íbúðin mín,“ segir Ívar Örn og hlær.

„Fjölskyldur okkar áttu báta þegar við vorum yngri,“ segja strákarnir, sem hafa verið viðriðnir vatnasportið frá unga aldri. Ívar hefur líka farið í siglingar erlendis og meðal annars siglt nokkuð um Miðjarðarhafið. „Það er rosalega heillandi að vera í sólinni úti á sjó og fá rólegt vagg, geta farið hvert sem er og hvenær sem er. Það má líkja þessu við áhugaflugmennskuna, sama frelsið,“ segja strákarnir að lokum og snúa sér aftur að fyrirbyggjandi verkefnum.



## EKKI BARA SUMARSPORT

Þorsteinn Haraldsson fékk sér jetski, eða sækött, fyrir þremur mánuðum. „Maður er svona klukkutíma að ná tökum á þessu. Þá er maður farinn að gera alls konar trikk,“ segir Þorsteinn.

„Við erum með tvö skíði, annars vegar stórt skíði til að sigla á og hinsvegar trikk-skíði sem er eingöngu til að leika sér. Maður er bara klukkutíma úti í einu og kemur svo aftur til að taka bensín. Það er bara úthald, maður er að hamast allan tímann.“

Þorsteinn byrjaði í vatnasporti fyrir átta árum. „Fjölskylda vinar míns á bát og ég fór að fara með þeim á hnébretti. Svo vantaði sport sem maður getur farið oftari í. Þetta er

alls ekki bara sumarsport, ég byrjaði í fjögurra gráðu hita í vor. Maður er í þurrgalla, í fötum innan undir og með hettu og hanska. Maður kólnar eiginlega ekkert.“



Þorsteinn sýnir listir sínar á sækettinum. Hann segir það taka um eina klukkustund að læra handtökin.

# Vandaðar haustvörur

*Kynning*

---



Next - Kringlunni  
Verð kr. 2.890



gs skór - Kringlunni  
Verð kr. 8.990



Next - Kringlunni  
Verð kr. 2.690



Benetton/Sisley -  
Smáralind  
Verð kr. 5.395



gs skór - Kringlunni  
Verð kr. 19.990



gs skór - Kringlunni  
Verð kr. 12.990



Kiss - Kringlunni  
verð kr. 5.990



gs skór - Kringlunni  
Verð kr. 8.990



Kiss - Kringlunni  
Kate Moss bolurinn  
Verð kr. 4.990



Gallabuxnabúðin -  
Kringlunni  
Verð kr. 3.900



Next - Kringlunni  
Verð kr. 15.990



Kiss - Kringlunni  
Verð kr. 4.990

# Nördalega töff

Hnepptar herrapeysur hafa aukið gríðarlega við vinsældir sínar og verða vinsælar í vetur. Vinsældir þeirra koma þó langt frá því á óvart þar sem „aftur til fortíðar hyggja“ hefur verið allsráðandi í tískuheiminum að undanfögnu. Ekki skemmir heldur fyrir að svokölluð nördatíska, geek chic, hefur verið vinsæl meðal pilta beggja vegna Atlantshafsins. Það hlýtur að segja margt um vinsældir hnepptra peysa að þegar farið er í stórar fataverslanir á borð við Topshop og H&M (sem gera ekkert annað en búa til eftirlíkingar af því sem „stóru tískuhúsin“ hafa verið að sýna og gera) eru slíkar peysur allsráðandi.

